

Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

07. nóvember 2016 kl. 8:15

Mættir voru: Bjarki Kristjánsson, nemendafulltrúi, Bryndís Jónsdóttir foreldrafulltrúi, Halla Björk Marteinsdóttir foreldrafulltrúi, Halldór Sigurjónsson, húsvörður, Hekla Hannibalsdóttir, skólastjóri, Lovísa Hannesdóttir, kennari, Þorvar Hafsteinsson, formaður foreldrafélagsins og Edda Gíslrún Kjartansdóttir, aðstoðarskólastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Fram kom að enn vantar upplýsingar um foreldrafulltrúa í 4. og 5. bekk.

2. Stoðþjónusta

Skólastjóri sagði frá skipulagi stoðþjónustu, fjölda námsvera og fjölda nemenda sem fá stoðþjónustu í hverjum árgangi. Fram kom að fjöldataölur breytast því þörf er metin jafnt og þétt og reynt að forgangsraða á ólíkum tímabilum.

Sem dæmi má nefna að fyrir samræmdu prófin í lok september var sérstök áhersla á 4. og 7. bekk og svo verða niðurstöður samræmdra prófa í einhverjum tilvikum nýttar til að breyta forgangsröðun.

3. Samræmd próf

Framkvæmd samræmdra prófa í 4. og 7. bekk gekk vel og ekki komu upp miklir tæknilegir örðugleikar. Þá örðugleika sem upp komu var hægt að leysa á staðnum. Niðurstöður árganganna voru kynntar en ekki eru komnar upplýsingar um heildarstöðu svo erfitt er að bera saman við stöðu annarsstaðar.

4. Önnur mál

Lögð var áhersla á mikilvægi þess að umsjónarkennarar séu í facebookhópum bekkja til m.a. að leiðrétta umræðu sem er byggð á misskilningi.

Dagsetningar viðburða framundan:

- Stefnt er á að halda bekkjarfulltrúafræðslufund 17.11.
- Bókasafnsdagurinn verður 27.11.
- Laufabrauðsbakstur verður 29.11. kl. 17:00.
- Skautadagur verður 3.12.

Þessir viðburðir verða nánar auglýstir síðar.

Rætt var um:

- skipulag foreldraröls.
- einelti og nauðsyn þess að vinna fyrirbyggjandi
- endurskinsmerki

Fundi slitið 09:03